



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. 3. 2010

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun efnahagsáætlunar sem tryggir velferð og stöðugleika án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 287 mál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármálaráðherra að láta vinna efnahagsáætlun án aðstoðar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Skilgreindar verði nauðsynlegar aðgerðir til þess að gera íslenskt hagkerfi óháð aðstoð sjóðsins og forðast frekari skuldsetningu ríkissjóðs, aðgerðaáætlun útbúin og henni fylgt eftir. Leitað verði liðsinnis færustu erlendra sérfræðinga á sviði hagvísinda við mótun og framkvæmd áætlunarinnar til að tryggja þann trúverðugleika efnahagsstjórnar landsins sem er nauðsynlegur.

Meginmarkmið efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar, að styrkja stöðu ríkissjóðs og loks að endurreisa bankakerfið. Samstarfið felur í sér 2 milljarða Bandaríkjadala lánveitingu frá sjóðnum og 3 milljarða Bandaríkjadala lánnum frá nágrannaþjóðum.

Það markmið að endurvekja traust á íslenskum efnahag hefur ekki náðst enn eins og fram kemur í háu skuldatryggingarálagi og lágu lánshæfismati landsins. Eðlilegt samband ríkissjóðs, fjármálafyrirtækja eða annarra fyrirtækja við erlenda fjármálamarkaði hefur ekki komist á og virðist nokkuð í land að það takist. Samstarfið við AGS er hins vegar mikilvægur þáttur í því að slíkt traust skapist á næstunni.

Áætlunin í ríkisfjármálunum miðar að því að jafnvægi komist á ríkisfjármálin 2012 þannig að skuldasöfnun ríkissjóðs stöðvist og að afgangur verði á rekstrinum 2013 þannig að niðurgreiðsla skulda hefjist. Þetta er lykilatriði fyrir traust á efnahag landsins og forsenda fyrir bættu lánshæfismati og hagkvæmari lánskjörum ríkissjóðs og fyrirtækja sem stuðla mun að endurreisn og uppbyggingu í atvinnulífinu.

Endurreisn bankakerfisins má segja að sé lokið þótt það muni án efa taka miklum breytingum á komandi árum með hagkvæmni að leiðarljósi.

Samstarfsáætlunin hefur dregist á langinn vegna milliríkjadeilu Íslands annars vegar og Bretlands hins vegar um innistæðutryggingar á Icesave reikningum og hafa lánveitingar sjóðsins og nágrannaþjóða ekki farið fram samkvæmt upphaflegri áætlun. Gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur því ekki styrkst eins og áformað var sem dregið hefur úr metnaði bankans við losun gjaldeyrishafta og lækkun vaxta. Þótt gengi krónunnar hafi verið tiltölulega stöðugt undanfarna mánuði þá er það ekki ásættanlegt markmið að festast í núverandi lágenggi. Samtök atvinnulífsins hafa raunar gert verulegar athugasemdir við stefnu bankans varðandi vexti og gjaldeyrishöft og talið stefnu hans allt of varkára og metnaðarlitla. Að mati




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

samtakanna er afar brýnt að afnema gjaldeyrishöftin sem fyrst, samhliða því að bjóða erlendum eigendum skammtímafjáreigna skuldabréf í evrum til langs tíma, því einungis þannig muni gengi krónunnar geta styrkst svo nokkru nemi á nýjan leik. Að öðrum kosti er hætt við að efnahagslífið festist í enn einum verðbólguþrálungi þar sem verðlags- og launavísitölur elta gengisvísitöluna.

Yrði samstarfinu við AGS slitið myndi það skaða traust og trúverðugleika íslenskra stjórnvalda og atvinnulífs og seinka endurreisn íslensks efnahags. Það breytti því ekki að ráðast þyrfti í sársaukafullan niðurskurð í ríkisfjármálum sem án áætlunarinnar yrði án efa enn meiri en ella. Af þeim ástæðum eru Samtök atvinnulífsins andvíg umræddri þingsályktunartillögu og leggjast gegn samþykkt hennar.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

